

22.3.2010

Alþingi
Erindi nr. P 138/1343
komudagur 23.3.2010

Samgöngunefnd Alþingis

Samgöngunefnd Alþingis sendi ferðamálaráði til umsagnar tillögu til þingsályktunar um göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss, 108. mál.

Ferðamálaráð tekur heilshugar undir nauðsyn slíkrar göngubrúar enda gefur hún kost á fjölbreyttari útivistarmöguleikum og eykur öryggi ferðafólks.

Með vinsemd,

f.h. ferðamálaráðs,

Helga Haraldsdóttir,
skrifstofustjóri iðnaðarráðuneyti



Lögreglustjórinn á Selfossi

The District Commissioner of

Skrifstofa Alþingis,
nefndarsviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/1366
komudagur 24.3.2010

Selfossi 25. marz 2010.


Efni: Umsögn – Tillaga til þingsályktunar um göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss, þskj. 114 – 108. mál. 138. löggjafarþing 2009-2010.

Samgöngunefnd Alþingis hefur leitað eftir umsögn lögreglunnar á Selfossi um tillögu til þingsályktunar um úttekt á gerð göngubrúar yfir Ölfusá á Selfossi.

Af hálfu lögreglunnar á Selfossi eru engar athugasemdir gerðar við umrædda tillögu til þingsályktunar um úttekt og gerð göngubrúar yfir Ölfusá á Selfossi.

Varðandi greinargerð með tillögunni er áréttað að öryggi gangandi og hjólandi vegfaranda yfir núverandi Ölfusárbrú er bezt borgið með nýrri brú yfir Ölfusá við Laugardæli eins og áformað er.

Virðingarfyllst,



Ólafur Helgi Kjartansson
lögreglustjóri

Sendandi:
Lögreglustjórinn á Selfossi
Hörðuvöllum 1
800 Selfoss

Selfossi, 28. apríl 2010
1004135

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík


Á fundi bæjarráðs Árborgar 23. apríl sl. var lögð fram beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um göngubrú á Ölfusá.

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð Árborgar tekur undir greinargerð tillöguflytjenda.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Rósa Sif Jónsdóttir
ritari bæjarstjóra

Alþingi
Erindi nr. P 138/1848
komudagur 4.5.2010

Nefndasvið Alþingis

Samgöngunefnd

3. maí 2010

Málefni: Göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss, 108. mál þingsályktunartillaga 138. löggjafarþingi

Vegna umræðu um þingsályktunartillögu um göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss vill undirritaður vekja athygli samgöngunefndar á að árið 2005 vann Kristján Helgi Hafsteinsson lokaverkefni í byggingartæknifræði við Háskólann í Reykjavík sem fjallaði um möguleika á göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss. Hjalagt er titilblað og niðurstöður þessa verkefnis. Undirritaður var leiðbeinandi Kristjáns við verkefnið.

Virðingafyllst

Torfi G Sigurðsson

Verkfræðingur

Starfstöðvarstjóri Mannvits hf,

verkfræðistofu, Selfossi



Tækni- og verkfræðideild

Heiti verkefnis:

Göngubrú yfir Ölfusá

Námsbrant:

Byggingartæknifræði
Burðarholssvið

Tegund verkefnis:

Burðarþol

Önn:

BT-7
Vor 2005

Námskeið:

BT LOK 1012

Ágrip:

Leitast var við að finna hentuga lausn á brúarstæði og brúarformi fyrir göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss. Kannað var rennsli Ölfusár og brýrnar hannaðar í samræmi við flóða-reikninga. Álag á brýrnar var reiknað í samræmi við staðla og reglugerðir. Grundunarforsendur voru ákvarðaðar, álag á undirstöður sem og álag frá jarðvegi.

Skástagbrú og kapalhengibrú voru skoðaðar sem möguleg brúarform á æskilegustu brúarstæðin. Helstu byggingarhlutir voru forhannaðir. Kostnaður við hvora brú var áætlaður og borinn saman.

Kapalhengibrú austan við núverandi brú var metin sem hagstæðari brúarkostur.

Höfundur:

Kristján Helgi Hafsteinsson

Umsjónarkennari:

Ingunn Sæmundsdóttir

Leiðbeinandi:

Torfi G. Sigurðsson

Fyrirtæki/stofnun:

Dagsetning:

7.12.2005

Lykilorð íslensk:

Göngubrú,
Kapalhengibrú
Skástagsbrú

Lykilorð ensk:

Pedestrian bridge
Stress-ribbon
Cable-stayed

Dreifing:

opin

lokuð

til:

Niðurstaða

Niðurstöður á þessu verkefni, sem fjallar um forathugun á brúarstæði og brúarformi á göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss eru eftirfarandi:

- Aðstæður voru metnar við þrjú brúarstæði.
- Við samanburð á hentugum brúarstæðum kom í ljós að tvö brúarstæði komu komu mun betur út úr greiningu á tengingum við helstu gönguleiðir og líklegum kostnaði. Þau voru því tekin til frekari skoðunar.
- Þetta voru brúarstæði:
 1. Yfir Jórúklett
 2. Austan við núverandi brú
- Ákveðið var að nota steypu sem aðalbyggingarefni í brúna. Forsteyptir byggingarhlutar henta vel í brúarmannvirki sem þetta.
- Hanna þarf brú í samræmi við rennsli árinna. Gerð var grein fyrir rennsli í ánni, sem hefur verið mælt í meira en hálfa öld. Mesta rennsli sem mælt hefur í ánni var skilgreint sem hamfararflóð og er ráðandi um hæðarlegu brúargólf. Rennlishæð við hamfararflóð er 14 m.y.s. skv hæðarkerfi Selfoss og reiknað var með að lægsta hæð undir væntanlegt brúargólf yrði 14.5 m.y.s. Rennlishraði við hamfararflóð er áætlaður á bilinu 3.5-5.5m/s
- Gerð var grein fyrir helstu álagstilvikum sem reikna þarf á brú sem þessa. Álag var reiknað samkvæmt Evrópustöðlum. Selfoss stendur á miklu jarðskjálftasvæði og nauðsynlegt er að brú á þessum stað sé hönnuð með tilliti til þess.
- Grundunaraðstæður eru hentugar fyrir brúarmannvirki á þeim stöðum sem teknir voru til skoðunar. Jarðlagaskipan var metin út frá borholum sem Vegagerðin hafði borað nokkuð ofar við ána. Á norðurbakkanum er 5 m þykkt hraunlag sem situr á brotabergi og klapparlögum. Sunnanmegin er rúmlega 5 m þykk klöpp sem situr á malarlagi.
- Valin voru brúarform á hvort brúarstæði. Hvorugt brúarformið hefur verið byggt hér á landi. Yfir Jórúklett var skoðuð skástagsbrú með einum turni staðsettum í klettinum. Brúin er 168 m á lengd og skiptast höfin í 112 m og 56 m. Hæð á turni er 41m. Austan núverandi brúar var valið að hafa kapalhengibrú sem yrði 97 m löng með um 2 m sigi í miðju.



- Fundin voru nauðsynleg kennisnið helstu byggingarluta brúanna.
- Báðar brýrnar voru kostnaðarmetnar eftir mágntöku á helstu byggingarhlutum og tengingum. Kostnaður við hvora brú er áætlaður vera:

1. Brú yfir Jórúklett 127 milljónir kr.
2. Brú austan núverandi brúar 93 milljónir kr.

Af þessum samanburði má sjá, að skýr munur er á kostnaði við þessa tvo kosti eða um 37%.

- Við frekari hönnun væri æskilegt gera dýnamíska greiningu á burðarvirki brúarinnar til að meta frekar hvort að burðarvirkið standist dýnamískt jarðskjálftaálag.



Alþingi
Erindi nr. þ 138/1399
komudagur 26. 3. 2010

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. mars 2010
Tilvísun: 2010030049/90.12
SGB/EH/BH

Tilv. ykkar: Tölvupóstur dags. 17.03.2010.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á gerð göngubrúar yfir Ölfusá við Selfoss, þskj. 114 - 108. mál.

Með tölvupósti dags. 17.03.2010 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar.

Núverandi brú á Ölfusá er byggð á árinu 1945 og ljóst að mikil aukning umferðar hefur orðið síðan þá og meira um stærri ökutæki í umferðinni.

Akbraut á Ölfusárbrú er í dag 6,2 m þ.e. á milli handriða en ef ný brú væri byggð í dag skv. vegstaðli yrði hún væntanlega 13,5 m breið á milli handriða. Gönguleiðin er einnig nokkuð þröng yfir brúna eða um 1,5 m.

Áður en ráðist var í endurbætur á núverandi brú fyrir rúmum 15 árum síðan voru skoðaðir kostir varðandi gönguleiðina m.a. með því að byggja léttu brú utan á núverandi brú til þess að bera gangandi umferð. Niðurstaða þessara athugana var sú að ekki þótti unnt að mæla með því að láta burðarvirki brúarinnar bera göngustíg yfir ána á annan hátt en nú er gert. Þyrfti því að horfa til annarra lausna ef bæta ætti þjónustu við gangandi umferð á þessum stað. Einnig var skoðaður möguleiki á að byggja sjálfstæða göngubrú við hlið núverandi brúar en ekki þótti gerlegt að ráðast í þá framkvæmd m.a. vegna mikils kostnaðar. Ekki er hægt með einföldum vísitölureikningum að uppfæra kostnaðaráætlanir þessara athugana frá árinu 1991, þar sem bæði eru forsendur og kröfur nokkuð breyttar frá þessum tíma og auk þess sem verð á stáli og áli hefur hækkað nokkuð umfram breytingar á vísitölum.

Undanfarin misseri hefur verið unnið að undirbúningi á færslu Hringvegarins norður eða austur fyrir þéttbýlið á Selfossi og þá með nýrri brú á Ölfusá. Gert er ráð fyrir göngu og hjólaleið á nýrri brú en með nýrri brú mun umferð á núverandi brú væntanlega minnka nokkuð og sérstaklega ætti umferð stórra ökutækja að minnka verulega.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri